

## Skýrsla Golfkennaraskólans fyrir starfsárið 2012

Á árinu útskrifuðust níu PGA golfkennarar úr 3. árgangi skólans, en sá árgangur hóf nám haustið 2009. Líkt og hjá fyrri hópum var útskriftarferð á Spáni. Þar var settur upp golfskóli, sem og nemendur tóku verkleg próf og vörðu lokaverkefni sín. Mikil ásókn var í golfskólann, og voru töluvert fleiri skráðir en gert var ráð fyrir í upphafi. Þetta reyndi mikið á skipulags- og þjónustuhæfni nemenda, sem leystu þau verkefni með stakri þrýði.

Þeir nemendur sem útskrifuðust voru: Árni Páll Hansson, Birgir Leifur Hafþórsson, Björn Kristinn Björnsson, Erla Þorsteinsdóttir, Heiðar Davíð Bragason, Hlynur Geir Hjartarson, Ingibergur Jóhannesson, Nökkvi Gunnarsson, Rögnvaldur Magnússon. Að auki var Cedric Etienne Hannedouche nemandi í skólanum, en útskrifaðist því miður ekki þar sem hann hefur ekki lokið spilaprófi, sem er ein af forsendum námslokum í skólanum. Útskriftin fór fram í júní við hátíðlega athöfn í höfuðstöðvum ÍSÍ, en við það tækifæri afhenti Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti GSÍ, Arnari Má Ólafssyni, skólastjóra PGA golfkennaraskólans, gullmerki GSÍ fyrir störf sín í þágu golfíþróttarinnar. Hæstu einkunn í skriflegum prófum fékk Árni Páll Hansson, en Hlynur Geir Hjartarson fékk viðurkenningu fyrir bestu verklegu kennsluna.

Þar með hafði þrítugasti PGA golfkennarinn verið útskrifaður úr skólanum, og á þeim tímapunkti lék vafi á hvort grundvöllur væri til að hefja nám á ný með nýjum árgangi. Það kom í ljós að mikill áhugi er enn til staðar hjá íslenskum kylfingum að öðlast golfkennaramenntun, en 4. árgangur hóf nám í byrjun desember, og er um að ræða lang stærsta árganginn til þessa, en 16 hófu nám í skólanum.



Auk framvindu skólans þá er framundan stórt og krefjandi verkefni, en samkvæmt áætlun undirgengst skólinn endurmat af hálfu PGAs of Europe. Skólinn þarf að uppfylla margvísleg skilyrði til

að halda viðurkenningu sinni. Matsformum þarf að skila fyrir lok mars, en í haust fáum við heimsókn frá menntanefnd PGAs of Europe, þar sem starfssemi skólans verður tekin út.

Fastir kennarar skólans fyrir 4. árgang verða Ingi Þór Einarsson (íþróttافرæði); Magnús Birgisson og Derrick Moore (golftækni); Brynjar Eldon Geirsson og Sigurpáll Geir Sveinsson (barna- og unglingsþjálfun/tímaseðlar); Andrés Davíðsson (kylfur og viðgerðir). Arnar Már Ólafsson er skólastjóri og Úlfar Jónsson sér um daglegan rekstur.

Í skólanefnd sitja: Arnar Már Ólafsson, Magnús Birgisson, Brynjar Eldon Geirsson, Ingi Þór Einarsson og Úlfar Jónsson.

Að lokum viljum við koma að þakklæti til nemenda og kennara, sem og stjórn PGA og framkvæmdastjóra, fyrir góða samvinnu á árinu.

Með kveðju,

Úlfar Jónsson, Arnar Már Ólafsson

Útskriftarferð til Spánar

Útskrift 3. árgangs

Nýr árgangur

Endurmat skólans